

Nd. 1185. Tillaga til þingsályktunar [281. mál]
um hagnýtingu Seðlabankahúss.

(Eftir eina umr. í Ed., 7. júní.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera athugun á því hvernig æskilegast sé að nýta svonefnt Seðlabankahús. Sérstaklega verði athugað hvort það gæti hentað fyrir Stjórnarráð Íslands.

Framkvæmdir við bygginguna, sem ekki eru þegar samningsbundnar, verði stöðvaðar meðan athugun þessi fer fram og hefjist ekki að nýju fyrr en Alþingi hefur ákveðið hvernig hagnýta beri húsið.